



HRUNAMANNAHREPPUR

51. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 3. FUNDUR ÁRSINS

HALDINN FIMMTUDAGINN 3. MARS 2022

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 3. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir sem varamaður Jóns Bjarnasonar og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, yfirlýsing Evrópusamtaka sveitarfélaga vegna Úkraínu. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Samband íslenskra sveitarfélaga: Aðgengisfulltrúar sveitarfélaga og fjárstuðningur til úrbóta í aðgengismálum.**

Oddviti kynnti átak sem felur í sér hvatningu til sveitarfélaga um að vinna markvisst að úrbótum í aðgengismálum í samræmi við stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks og að skipa aðgengisfulltrúa og nýta þetta tækifæri til að fá fjárstuðning til þessara mikilvægu verkefna. Sveitarstjórn skipar Else Nielsen sem aðgengisfulltrúa Hrunamannahrepps.
- 2. Aðsókn í íþróttahús og sundlaug 2021.**

Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir árið 2021. Alls sóttu sundlaugina 10935 manns sem er fjölgun miðað við síðasta ár. Þá sóttu á árinu 2021 1669 manns tækjasal íþróttahússins sem er meiri aðsókn en frá fyrra ári sem var 1146 manns.
- 3. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála: Úrskurður á máli nr. 16/2022, kæra á ákvörðun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps um að samþykkja deiliskipulag fyrir Holt.**

Oddviti kynnti úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála á máli nr. 16/2022 en málinu var vísað frá nefndinni.
- 4. Bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.: Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.**

Oddviti kynnti bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. þar sem auglýst er eftir tilnefningum og/eða framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.
- 5. Húsnæðissjálfsseignarstofnun: Stofnfé.**

Oddviti kynnti drög að samþykktum og hugmyndir um stofnfé vegna húsnæðissjálfsseignarstofnunar á landsbyggðinni en gert er ráð fyrir að lágmarksstofnfé sé kr. 50.000. Sveitarstjórn samþykkir að greiða lágmarksstofnfé vegna stofnunar stofnunarinnar.
- 6. Erindi: Skólasel í júní.**

Oddviti kynnti áskorun til skólanefndar og sveitarstjórnar þess efnis að hafa skólasel opið í júní. Sigfríð vikur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn vísar málinu til skólanefndar til umfjöllunar.
- 7. Ferðamálafulltrúi: Ferðaþjónusta í Uppsveitum Árnæssýslu í heimsfaraldri 2020-2021.**

Oddviti kynnti stöðuskýrslu frá ferðamálafulltrúa um ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnæssýslu í heimsfaraldri 2020-2021. Sveitarstjórn þakkar ferðamálafulltrúa fyrir góða samantekt.
- 8. Undirbúningur sveitarstjórnarkosninga 2022.**

Oddviti ræddi undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga sem haldnar verða 14. maí n.k. Samþykkt að kjörstaður verði í Félagsheimilinu á Flúðum. Þá var rætt um mögulegan stuðning við framboðslista sem kæmu fram. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða ókeypis aðgang að félagsheimilinu til fundahalda í samráði við húsvörð, aðgengi að skrifstofu vegna fjölföldunar á kynningarefni og jafnframt

- verði framboðslistum gefinn kostur á fjárstyrk að upphæð kr. 100.000 til undirbúnings og kynningar. Kostnaður verði bókaður á deild 2111.
9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um byggingu hátæknisorpbrennslustöðvar.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Sveitarstjórn hvetur Alþingi til þess að rammaáætlun verði kláruð en ítrekar fyrri bókanir um að hún telji að virkjunarhugmyndir í Stóru-Laxá fari í verndarflokk.
11. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi.
12. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda.
13. **Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

14. **Veitustjórn: Fundargerð 32. fundar frá 28. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 32. fundar nefndarinnar frá 28. febrúar s.l. Þar var farið yfir niðurstöðu verðkönnunar á niðursetningu hreinsistöðvar við Gröf. Þrír aðilar skiluðu verðum í verkið, Flúðaverktakar kr. 13.115.480, Gröfutækni kr. 12.194.000 og Fögrusteinar kr. 12.645.000. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 15.114.000. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Gröfutækni.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

15. **Fundargerð 233. fundar skipulagsnefndar frá 9. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. febrúar s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 233. fundar skipulagsnefndar frá 9. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.
- Mál nr. 23. Holt, deiliskipulag: Kæra til ÚUA nr. 16-2022.**
Lögð var fram til kynningar kæra til ÚUA vegna gildistöku deiliskipulags sem tekur til Holts L192736 ásamt svari UTU.
- Mál nr. 24. Hlíð spilda 1: Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis, aðalskipulagsbreyting.**
Lögð var fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Hlíðar spilda 1 í Hrunamannahreppi eftir kynningu. Á landinu Hlíð spilda 1 er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í dag er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og telst ekki til úrvals ræktunarlands. Athugasemdir og umsagnir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.
- Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Hlíðar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að framlagðar athugasemdir við málið hafi ekki með landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi að gera.
- Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Hlíðar í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt

Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur að framlagðar athugasemdir við málið hafi ekki með landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi að gera.

Mál nr. 25. Hlíð spilda 1: Frístundasvæði, endurskoðað deiliskipulag.

Lögð var fram tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spildu 1 L221538. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulags svæðisins úr gildi. Athugasemdir bárust við skipulagslýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja deiliskipulagstillögu til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 26. Ásgarður: Kerlingarfjöll, deiliskipulag.

Lagt var fram deiliskipulag fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla eftir kynningu. Í gildi er deiliskipulag, svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðapjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gistaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteyptara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar er varðar matsskyldu verkefnisins og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins. Tillaga var kynnt með athugasemdafrest frá 19. janúar til 8. febrúar, engar athugasemdir bárust við kynningu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 29. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. febrúar s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. febrúar s.l.

16. Fundargerð 234. fundar skipulagsnefndar frá 25. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 234. fundar skipulagsnefndar frá 25. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

Mál nr. 16. Skollagróf 1, stofnun lóðar.

Lögð var fram umsókn frá Sigurði Hauki Jónssyni er varðar stofnun lóðar umhverfis íbúðarhús í landi Skollagrófar L166828. Um er að ræða 3.242 fm lóð sem fengi staðfangið Skollagróf 1.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 17. Hvítárholt (Nátthagi), stækkun lóðar og breytt staðfang.

Lögð var fram umsókn Guðlaugs R. Guðmundssonar um stækkun íbúðarhúsalóðarinnar Hvítárholt L166940. Lóðin er skráð 3.000 fm í fasteignaskrá en verður 7.200 fm eftir stækkun skv. lóðablaði. Stækkunin kemur úr jörðinni Hvítárholt L166776. Jafnframt er óskað eftir að lóðin fái staðfangið Nátthagi sem hefur fylgt húsinu og lóðinni frá því það var byggt af Nátthaga Sjóðnum.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stækkun lóðarinnar né staðfangið skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stækkun lóðarinnar og staðfangið skv. fyrirliggjandi umsókn

Mál nr. 18. Laufskálabyggð 10. Deiliskipulagsbreyting, fyrirspurn.

Lögð var fram fyrirspurn frá Fjallinu Hafþór ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi að Laufskálabyggð í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst heimild fyrir rekstri í formi útleigu til ferðamanna innan svæðisins.

Skipulagsnefnd telur að forsenda fyrir breyttum heimildum innan deiliskipulags svæðisins sé að samþykki allra hlutaðeigandi lóðarhafa liggja fyrir. Fyrirspurn vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að forsenda fyrir breyttum heimildum innan deiliskipulags svæðisins sé að samþykki allra hlutaðeigandi lóðarhafa liggja fyrir.

Mál nr. 19. Efra-Langholt. Deiliskipulagsbreyting vegna 10 lóða.

Lagt var fram deiliskipulag í landi Efra-Langholts eftir auglýsingu. Málið er lagt fram að nýju vegna athugasemda Skipulagsstofnunar um gildistöku deiliskipulagsins. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha. Samskipti við Vegagerðina eru lögð fram við afgreiðslu málsins.

Athugasemdir bárust við gildistöku málsins frá Skipulagsstofnun vegna umsagnar Vegagerðarinnar. Lögð eru fram tölvupóstsamskipti skipulagsfulltrúa og Vegagerðarinnar þar sem fram kemur að miða skuli við fyrri umsögn stofnunarinnar við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 20. Skollagróf. Efnistaka. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar á efnistökusvæði í landi Skollagrófar L166828 eftir auglýsingu. Innan tillögu er gert ráð fyrir 2 ha efnistökusvæði með heimild til að vinna allt að 40.000 m³ af efni og haugsetja samsvarandi magn af jarðvegi. Umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsbreytingarinnar. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Mál nr. 21. Brekkukot. Umsókn um byggingarheimild vegna gestahúss.

Lögð var fram umsókn Sigríðar Ólafsdóttur fyrir hönd Halldóru D. Gunnarsdóttur og Hreins V. Hreinssonar, móttækin 11.02.2022, um byggingarheimild til að byggja 24,3 m² gestahús á sumarbústaðalandinu Brekkukot L166925 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd bendir á að innan umsóknar er gert ráð fyrir að umrætt gestahús skuli standa í um 3,2 m fjarlægð frá lóðarmörkum sem er undir lágmarkskröfum skipulagsreglugerðar gr. 5.3.2.12 er varðar fjarlægð frá lóðarmörkum innan frístundabyggðar. Nefndin bendir jafnframt á að umrædd lóð er skráð 1.000 fm innan fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands. Hámarks byggingarmagn innan hennar er því um 50 fm sé miðað við nýtingarhlutfall 0,05. Umsótt gestahús er því umfram heimildir aðalskipulags er varðar frístundasvæði. Nefndin telur þó að þar sem landnotkun svæðisins í skilgreiningu aðalskipulags er landbúnaðarland en ekki frístundasvæði og þar sem húsið stendur stakt án þess að vera hluti af stærri frístundabyggð að ekki sé ástæða til að synja útgáfu byggingarleyfis vegna smáhýsis á lóð. Út frá þessum forsendum mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Mál nr. 22. Sunnuhlíð. Íbúabyggð, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Hrunamannahreppi er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Sunnuhlíðar í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að bætt er við raðhúsalóðum inn á skipulagssvæðið sem tekur til götunnar Norðurtanga. Innan götunnar verður því gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir raðhús, parhús og einbýlishús ásamt nánari byggingarskilmálum er það varðar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. febrúar s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. febrúar s.l.

17. NOS: Fundargerð stjórnar frá 15. febrúar s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 15. febrúar s.l. Þar var farið yfir starfsmannamál, starfshlutfall og launamál. Farið var yfir skjalavistunaráætlun SVÁ og persónuverndarstefnu. Kynnt var farsældarteymi Árneseþings. Einnig var farið yfir reglur um félagslega stoðþjónustu, starfsdag NOS og SVÁ 2022, umdæmisráð Barnaverndar og úttekt SVÁ. Þá var ákveðið með næsta fund og rætt uppgjör ársins 2021. Sveitarstjórn tekur undir ályktun NOS varðandi umdæmisráð Barnaverndar að ráðið megi ekki vera minna en allt starfssvæði SASS og trúlega þurfi það að vera stærra. Varðandi skýrslu um úttekt á starfsemi SVÁ þá þakkar sveitarstjórn fyrir góða vinnu og gott innlegg í þróun og stefnumótunarvinnu á SVÁ. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Seyrustjórn: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 1. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar seyrustjórnar frá 1. febrúar s.l. Þar fór fram kosning formanns og ritara. Farið var yfir drög að uppgjöri 2021, starfsmannamál, samninga við verktaka, starfið næsta sumar, framkvæmdir og viðhald. Þá var farið yfir önnur mál. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

19. Yfirlýsing Evrópusamtaka sveitarfélaga vegna Úkraínu.

Oddviti kynnti erindi frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga varðandi yfirlýsingu Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, um að evrópskir sveitarstjórnarmenn fordæmi brot á sjálfstæði og sjálfræði Úkraínu og lýsi yfir stuðningi og samstöðu með sveitarfélögum í Úkraínu og íbúum þeirra. Sveitarstjórn tekur undir og styður yfirlýsinguna.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 578. fundar stjórnar frá 4. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Bergrisinn b.s. Fundargerð 35. stjórnarfundar frá 31. janúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Bergrisinn b.s. Fundargerð 36. stjórnarfundar frá 15. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- d. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 49. fundar stjórnar frá 11. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Kostnaðarþátttaka sveitarfélaga á Suðurlandi við nýtingu á þjónustu í Vinaminni, sértækri dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 906. fundar stjórnar frá 4. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar
- g. UTU bs.: Hrunamannaafréttur, Kerlingarfjöll: Landvarðarskáli, deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.
- h. UTU bs.: Hlíða spilda. Aðalskipulagsbreyting.**
Lagt fram til kynningar.
- i. UTU bs.: Hlíð spilda. Endurskoðað deiliskipulag.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- j. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 18. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Upplýsingafjarfundur stjórnar SASS með aðildarsveitarfélögum, 22. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Fundir í mars og apríl vegna stefnumótunarvinnu vegna landsþings.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:30.